

Sturla Ómarsson stjórnarformaður Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Örnólfur Jónsson formaður stjórnar FÍA yrði kosin fundarstjóri og Unnur Elín Jónsdóttir Eignastýringu Arion banka myndi rita fundargerð. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri lagði til að liðirnir um ársreikninginn og fjárfestingarstefnuna yrðu tekin saman og á eftir honum yrði farið yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Ekki voru gerðar athugasemdir við það. Fundurinn var því lýstur lögmætur og gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Sturla Ómarsson formaður stjórnar EFÍA fór yfir skýrslu stjórnar. Hann sagði mjög gott rekstrarár væri nú að ljúka, 12 formlegir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu ásamt fleirum óformlegum fundum. Raunávöxtun sjóðsins á árinu er 12,53%, raunávöxtun síðustu 5 árin er 6,98% og raunávöxtun síðustu 20 árin er 3,62%. Hrein eign sjóðsins nam um áramótin 29,8 milljarðar, hefur því hækkað um tæpa 4,4 milljarða á árinu 2015.

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2015. Heildarstaða er jákvæð um 8,1%. Sturla sagði bættu stöðu vera vegna góðrar ávöxtunar og lægri örorkugreiðslna. Hann sagði tillögur stjórnar liggja nú fyrir um samþykktabreytinga um aukningu á réttindum sem kosið verður um í lok maí.

Sturla sagði frá örorkusamkomulagi sem EFÍA er aðili að, EFÍA, Íslenski lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður tannlækna og Lífeyrissjóður Rangæinga eru í samkomulaginu sem snýr að því dreifa áhættu af örorkubyrði á milli sjóða. Ástæðan fyrir því væri að lágmark 800 virkir sjóðfélagar verða að greiða í sjóðinn til þess að hann gæti staðið sér.

Sturla fór yfir starfsemina á árinu, alls greiddu að meðaltali 623 (572) sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöld námu alls 1.318 milljónir kr. og hækkuðu um 15,4% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 771,6 milljónir kr. og hækkuðu um 5,4% frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru 185 á árinu og í árslok 2015 áttu 961 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum.

Á árinu fengu lífeyrissjóðir heimild til erlendra fjárfestinga upp á 10 milljarða og er hlutur EFÍA 75 milljónir eða þ.e.a.s. 13% af nettó fjárfestingu EFÍA. Sturla sagði að það horfi þó til betri

vegar, heimildin tvöfaldaðist í byrjun árs 2016. Erlend staða sjóðsins er um 8% af heildareignum sjóðsins.

Sturla fór yfir rekstrarkostnað á árinu 2015, sem var rétt um 0,24% af heildareignum sjóðsins eða um 4,8% af greiddum iðgjöldum. Til samanburðar nefndi Sturla að kostnaður Bayern/Allianz væri rétt um 9% af greiddum iðgjöldum. Því væri samanburðurinn afar hagstæður. Opinber gjöld voru tæplega 8% af heildarkostnaði sjóðsins og einskiptiskostnaður var nokkuð hár vegna gerðardóms sem féll á sjóðinn á árinu.

Sturla sagði frá því að framkvæmdastjóraskipti voru á árinu. Jón L. Árnason hætti og við tók Snædís Ögn Flosadóttir, hún hóf störf 1.júlí 2015 hjá sjóðnum.

Í byrjun árs 2016 var breytt kjörum á sjóðfélagalánum EFÍA. Boðið er nú upp á fleiri lánamöguleika, verðtryggða breytilega vexti, verðtryggða fasta vexti og óverðtryggða fasta vexti. Veðhlutfallið breyttist úr 65% í 75% og hámarkslánveiting er 40 milljónir. Sturla sagði að vextir væru endurskoðaðir á þriggja mánaðar fresti á nýjum lánum og lánum með breytilega vexti. Mikil ánægja og eftirspurn er eftir lánum EFÍA.

Því næst ræddi Sturla um kosningabátttöku á síðasta ári. Hún var aðeins 19,1%, breyting á makalífeyri var felld með 59,1%, breyting á barnalífeyri var samþykkt með 52,6% og aðrar breytingar samþykktar með 57,9%.

Sturla sagði að tryggingafræðileg staða sjóðsins í lok árs 2015 væri góð og vilji hjá stjórn til að bregðast við bættri stöðu og auka réttindi sjóðfélaga. Hins vegar þurfi að hafa í huga áform um að nýjar lífslíkur, sem byggja á framtíðarspá, verði notaðar við næsta útreikning á skuldbindingum sjóðsins. Slíkt mun leiða til aukningar á skuldbindingum og því nauðsynlegt að taka tillit til þess þegar skoðað er hversu mikið er hægt að auka réttindi.

Að lokum benti Sturla á heimasíðu sjóðsins og aðra þá þjónustu sem sjóðfélögum er til taks.

Sturla þakkaði meðstjórnendum sínum í stjórn sjóðsins sem og Snædís Framkvæmdastjóra og Marínó sjóðsstjóra fyrir gott samstarf á árinu.

2. Ársreikningur kynntur

Snædís Ögn Flosadóttir framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning sjóðsins. Hún sagði iðgjöld hækkuðu um 15,4% á milli ára, lífeyrir hækkaði um 2,5% og annar beinn kostnaður hækkar um

12,6% þar inni eru greiðslur til Virk. Snædís sagði vegna góðs gengis á árinu þá hækka fjárfestingartekjur um 144% á milli ára. Hún sagði að hækkun á rekstrarkostnaði mætti rekja t.d. til hærra eftirlitsgjalds til FME og gerðadómsmálsins.

Snædís fór yfir þróun á hreinni eign frá 2011 – 2015. Hrein eign sjóðsins er í dag um 30 milljarðar króna og hefur á síðustu fimm árum hækkað um 18,9%.

Snædís fór yfir efnahagsreikning og sjóðstreymi miðað við stöðu 31. desember 2015. Hún sýndi þróun iðgjalda og útgreiðslna frá árinu 2011 – 2015 og fór yfir skrifstofu og stjórnarkostnaðar 2015.

Snædís sýndi þróun heildarskuldbindinga frá árinu 2011 til 2015, tryggingafræðilegstaða hefur farið úr -10% 2011 í +8,1% árið 2015. Eignir umfram skuldbindingar voru 3.418.473 milljónir á árinu 2015.

Snædís sagði frá nýjum reglum um ársreikninga, en lífeyrissjóðum var heimilt að fresta töku þeirra til 2017 vegna ársreiknings 2016. Snædís sagði að þó svo að heimildin sé nú nýtt þá eru nokkrar greinar nýju reglnanna sem ekki falla undir heimildina. Breytingar á ársreikningi til samræmis við það má sjá í skýringu 5 og 13 í ársreikningi sjóðsins. Hækkun á greiðslum til tryggingafræðings var m.a. vegna skýrsluskila til FME en ekki vegna hækkunar á gjaldskrá.

Þá fór Snædís yfir helstu kennitölur í ársreikningi EFÍA 2015. Fjöldi lífeyrisþega breyttist lítið en töluverð aukning hefur orðið í fjölda greiðandi sjóðfélaga. Hrein raunávöxtun var 12,53% á síðasta ári en meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðinn 10 ár er 1,93%.

3. Fjárfestingarstefna

Marinó Örn Tryggvason fór yfir ávöxtun, eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu EFÍA 2016. Hann sagði að árið hafa gengið mjög vel, einnig samanborið við árið í fyrra. Ávöxtun sjóðsins á kaupkröfu var 12,5% en á markaðsvirði var raunávöxtun 14,1%. Marinó fór yfir ávöxtun á móti viðmiði og sundurbrot ávöxtunar sjóðsins.

Marinó fór yfir ávöxtun EFÍA síðustu 19 árin. Nú er sjóðurinn kominn yfir 3,5% meðalávöxtun. Hann fór yfir ávöxtun miðað við aðrar tryggingadeildir í landinu.

Marinó fór yfir eignasamsetningu sjóðsins og breytingu sem gerð var á fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2016. Hann sagði að í innlendu hlutabréfum væri stærsta félagið Icelandair, en þeir væru líka stærstir í Kauphöll .

Marinó fór stuttlega yfir hvernig árið 2016 byrjaði, hann sagði það byrja frekar erfiðlega. En miðað við árið í fyrra þá byrjaði það líka brösótt. Nú er raunávöxtun EFÍA rétt um og yfir núllið frá áramótum.

Að lokum fór Marinó yfir fjárfestingastefnu sjóðsins, eignasamsetningu með tilliti til stefnu og vikmarka sem og þær litlu breytingar sem gerðar hafa verið á stefnunni. Marinó sagði að fjárfestingarstefna EFÍA 2016 væri tiltölulega lítið breytt á milli ára.. Vægi í flokknum Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs minnkað úr 42% í 35%. Neðri vikmörk lækkuð úr 30% í 25%. Vægi í flokknum Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga minnkað úr 3% í 2%. Vægi í flokknum Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana aukið úr 2% í 5%. Efri vikmörk aukin úr 10% í 15%. Vægi í flokknum Hlutabréf aukið úr 25% í 30%. Efri vikmörk aukin úr 40% í 50%.

Sigríður Einarsdóttir spyr er það rétt að sjóðurinn eigi 9% eða um milljarð í Icelandair ?

Marinó sagði það vera rétt og höfum við töluverðar áhyggjur af því. Við höfum verið að selja aðeins vegna hækkana félagsins á markaði en Icelandair hefur hækkaði mjög mikið og gefið sjóðnum mjög góða ávöxtun.

Guðmundur Ólafsson spyr hvað má sjóðurinn eiga mikið í Icelandair, vegna þess að sjóðfélagar vinna hjá fyrirtækinu ?

Marinó Örn Tryggvason svaraði að sjóðurinn má eiga að hámark 10% í hverju félagi. Hann árétti að þeir væru meðvitaðir um að þetta sé áhætta fyrir sjóðinn.

Sigríður Einarsdóttir spyr hvað eiga aðrir lífeyrissjóðir í hlutabréfum ?

Marinó Örn Tryggvason sagði að sjóðurinn væri með 25% í innlendum hlutabréfum en að meðaltali eiga lífeyrissjóðir um 20% en sjóðurinn á mun minna í erlendum bréfum. En það horfir nú líklega til betri vegar, vegna hugsanlega afléttingu hafta og fyrirhugaðra aukningar á fjárfestingarheimildar Sí til lífeyrissjóða.

Jóhann Kristinsson, eru þið með fyriráætlanir um hvernig bregðast á við þegar að gjaldeyrishöftum verður aflétt ?

Marínó Örn Tryggvason sjóðurinn hefur fengið heimildir til að fjárfesta erlendis og höfum við nýtt þær 100% ef sjóðurinn fengi meiri heimildir þá mun hann væntanlega nýta þær heimildir.

Marínó Örn Tryggvason sagði einnig að ekki væri búið að taka ákvörðun um hvort eða hvernig stefnan verði tekin upp þegar að gjaldeyrishöftum verður aflétt. En það er ríkur vilji til að auka við erlendar eignir sjóðsins.

Sturla Ómarsson ítrekar að við viljum komast út hvernig það verður gert kemur í ljós þegar að því kemur að gjaldeyrishöftum verður aflétt.

Jóhannes Bjarni, spurði út í skipun í stjórn Ícelandair, hvers vegna EFÍA ætti ekki sæti í stjórn vegna hluta EFÍA í Ícelandair ?

Sturla Ómarsson svaraði að EFÍA væri með um 1% í Ícelandair og búið væri að kjósa til stjórnar Ícelandair. Sjóðurinn mun taka afstöðu til þess þegar að því kemur. Þá benti Sturla á það að EFÍA vildi vera virkur hluthafi og hefði t.d komið með breytingatillögu á stjórnarlaunum félags sem hann á í.

4. Tryggingafræðileg úttekt

Vigfús Ásgeirsson fór yfir tryggingafræðilega úttekt í árslok 2015. Hann sagði að athuginin fælist í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunnin réttindi sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar héldu áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir færu á lífeyri. Heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 8,1% og því innan þeirra marka sem lög kveða á um. Þar segir að heildarstaðan eigi að jafnaði að vera innan 5% vikmarka og aldrei utan 10% marka. Hann fór yfir fjölda sjóðfélaga eftir aldri og réttindum og iðgjöld 2014 og 2015 eftir aldri.

Vigfús sagði að sjóðurinn væri mjög viðkvæmur fyrir áföllum, það er ef örorkugreiðslur ykjust eða ótímabært andlát sjóðfélaga bæri að, því sjóðurinn er lítill sjóður.

Að lokum fór Vigfús stuttlega yfir tillögur stjórnar um aukningu á áunnum réttindum, 3% á þessu ári.

Kjartan Nordal, spyr fyrir hvaða atriðum er sjóðurinn mjög viðkvæmur ?

Vigfús Ásgeirsson svaraði því að hann ætti við örorkugreiðslur, makalífeyrir og barnalífeyrir vegna ótímabæra dauðsfalla.

Jóhannes Bjarni, spyr Vigfús varðandi skerðingu á réttindum þegar að nýjar lífslíkur koma inn. Mætti ekki taka líka smá bjartsýni inn með því að ellilífeyrisaldurinn muni hækka úr 65 ára í 67 ára hjá flugmönnum?

Vigfús Ásgeirsson sagði að ef ekkert stórkostlegt komi upp á þá mun þessi sjóður eiga fyrir þessu. Vigfús lýsti því hvernig hann sæi útfærsluna fyrir sér.

Gylfi Magnússon spyr tekur þú bara flugmenn inn reikninginn á lífslíkum ?

Vigfús Ásgeirsson svaraði nei við tókum Íslendinga. Við fáum sæmilegar lífslíkur með þessari nálgun. Vigfús sagði að gerð yrði rannsókn í sumar á því hvort að rétt sé að hafa sömu lífslíkur fyrir alla, t.d. öryrkjar deyja mun fyrr en við ætlum einnig að kanna hvort að það sé munur eftir stéttum.

5. Skipun stjórnar og laun stjórnarmanna

Stjórn FÍA skipar í stjórn fyrir hönd stéttarfélagsins og verður engin breyting á þeim stjórnarmönnum. Vinnuveitendur munu jafnframt ekki gera breytingu á þeim mönnum er þeir hafa þegar skipað. Stjórn sjóðsins verður því óbreytt.

Sturla fór yfir tillögu að launum stjórnarmanna. 6% hækkun vegna viðmiða við FÍA

Heildarlaun stjórnar á mánuði:

Formaður	241.538 kr.
Fulltrúar FÍA	181.154 kr.
Fulltrúar atvinnurekanda	65.215 kr.
Varamenn (fyrir hvern fund)	20.387 kr.

Laun endurskoðunarnefndar fyrir hvern fund:

Stjórnarmaður

21.738 kr.

6. Val endurskoðenda

Sturla kynnti val endurskoðanda fyrir næsta ár. Stjórn hefur verið ánægð með samstarfið og vinnubrögð Kristins Kristinssonar hjá Price WaterhouseCoopers og mælir endurskoðunarnefnd sjóðsins með því að sjóðurinn haldi sig við þau.


7. Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins

Sturla fór yfir tillögu stjórnar um aukningu réttinda allra sjóðfélaga um 3% miðað við réttindi í árslok 2015. Kosning mun hefjast seinnipart maímánaðar. Aukningin tæki gildi frá og með 1. ágúst 2016 ef samþykki ráðherra dregst lengur en til 1. júlí, þá dregst framkvæmd aukningarinnar til fyrsta dags næsta mánaðar eftir að samþykki liggur fyrir.

8. Önnur mál

Ekki var fleira rætt á fundinum.

Fundi var slitið kl. 15:59



Örnólfur Jónsson
Fundarstjóri



Unnur Elín Jónsdóttir
Fundarritari